

216. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 6. maí 2022 kl. 11:00

Mætt: Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður á Teams), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Líska Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson (á Teams), Sigríður Anna Guðjónsdóttir, og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Forföll: Ásrún Aldís Hreinsdóttir (fulltrúi nemenda) og Sigurður Einar Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar rædd/samþykkt.

Fundargerð staðfest án athugasemda með undirritun nefndarmanna.

2. Brautskráning 21. maí nk. - OLG

Skólameistari kynnti skipulag og dagskrá brautskráningar vorannar.

Hjörtur Þórarinnsson, fyrrverandi formaður skólanefndar, samdi afmælislag í tilefni 40 ára afmælis skólans sem verður frumflutt við brautskráninguna 21. maí nk. Gamlir kórfélagar skólans flytja lagið við þetta tilefni.

131 nemandi er í dag skráður til útskriftar að þessu sinni. Hver nemandi getur mest komið með þrjá gesti.

Daginn eftir útskrift fara starfsmenn skólans í skólaheimsóknir til Ítalíu, í nágrenni Napoli.

3. Málefni Reykja – OLG

Skólameistari fór yfir stöðu mála og niðurstöðu í yfirfærslu garðyrkjunámsins til FSu.

Fasteignir og annað sem því fylgir færast undir Ríkiseignir og leigir skólinn það sem til þarf. Nokkuð langur aðdragandi var að þessari niðurstöðu.

Samtals eru þetta 11 starfsmenn sem munu væntanlega færast yfir til FSu. Fara þarf ákveðna leið til að það geti gengið án uppsagna þeirra, og koma m.a. bæði mennta- og barnamálaráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið að því ferli. Tvö stéttarfélag koma einnig að málinu, FÍN og Samiðn.

Umsóknarfrestur fyrir garðyrkjunámið var framlengdur, en nú þegar hafa a.m.k. 110 nemendur sótt um námsvist í haust, ýmist nemendur sem eru á miðri leið sem og nýnemar í þessu námi. Þá eru nemendur einnig í bæði staðnámi og fjarnámi.

Formaður skólanefndar nefnir að sér sýnist að loksins sé að nálgast niðurstaða sem allir hluteigandi aðilar geti verið sáttir með.

Spurt um hlutverk framtíðarhópsins og aðkomu hans að uppbyggingu á svæðinu.

Skólameistari nefnir að Ríkiseignir muni sjá um viðhald og nýbyggingar á svæðinu. Það þarf að komast að niðurstöðu um hvernig húsnæði þurfi að byggja upp á svæðinu. Tekur einnig fram að mikilvægt sé að hið opinbera setji aukið fjármagn í þá uppbyggingu.

Skólanefnd fagnar því að komin sé farsæl niðurstaða á tilfærslu náms í garðyrkju sem kennd er og verður á Reykjum til Fjölbrautaskóla Suðurlands.

4. Önnur mál

- a. Lagt til að upplýsingar um brautskráninguna verði settar á heimasíðuna.
- b. Fulltrúar fasteignahluta Ríkiseigna heimsóttu skólann fyrir stuttu og notaði skólameistari tækifærið að minnti á húsnæðið á Reykjum.
- c. Spurt um hlutverk skólans í tengslum við námssamninga iðnnema. Ráðinn var starfsmaður innan skólans til að hafa umsjón með þessum málum hjá okkur. Nú þegar hafa nokkuð margir samningar verið staðfestir og ferilbækur virkjaðar. Umræður í framhaldinu um helstu breytingar sem fylgja nýju reglugerðinni um vinnustaðanám.

Næsti fundur verður boðaður í september.

Fundi slitið kl. 12:20